

Hafnarfirði 15. Febrúar 2016

Til Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Minnisblað vegna endurkaupa á hlutabréfum í HSV.

Stjórn HS veitna hefur samþykkt tillögu um að kaupa til baka hlutabréf af eigendum fyrir 500 milljónir króna í stað þess að greiða út 500 milljónir í arð.

Ástæða þess er sú að endurkaup hlutabréfa eru skattfrjáls til eigenda en arðgreiðslur eru með 20% fjármagnstekjuskatti. Hafnarfjarðarbær sparar því 15.417.799 krónur í fjármagnstekjuskatt, með endurkaupum miðað við arðgreiðslu.

Undanfarin ár hafa arðgreiðslur vaxið vegna sterkar stöðu félagsins og hás eiginfjárlutfalls. Í gjaldskrár módeli Orkustofnunnar fyrir veitufyrirtæki er gert ráð fyrir 30% eiginfjárlutfalli. Eftir þessi endurkaup verður eiginfjárlutfall HSV rúm 40% og því langt yfir viðmiðunarmörkum OS.

EBIDTA er nærri 2000 milljónum á ári og félagið verður með yfir 2000 milljónir í sjóði eftir endurkaupin.

Félagið er vel fjármagnað og með hagstæðari lánakjör en sveitarfélögin sem eiga meirihluta í því.

Undirritaður styður því þessa tillögu til hluthafafundar HSV

Virðingarfyllst

Skarphéðinn Orri Björnsson